

**FRAMSELD REGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR  
(ESB) nr. 1047/2013****2017/EES/40/19**

frá 21. ágúst 2013

**um breytingu á framseldri reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 114/2013 í þeim tilgangi  
að leiðrétta meðaltal sértækrar losunar á koltvísýringi fyrir árið 2010 sem er tilgreint fyrir  
framleiðandann Piaggio (\*)**

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópu-  
sambandsins,með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr.  
510/2011 frá 11. maí 2011 um að setja staðla um  
mengunarvarnargetu nýrra léttra atvinnuökutækja sem hluta af  
samþættri stefnu Sambandsins um að draga úr losun  
koltvísýrings frá léttrum ökutækjum <sup>(1)</sup>, einkum 7. mgr. 11. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Piaggio, framleiðandi léttra atvinnuökutækja, hefur tilkynnt framkvæmdastjórninni að meðaltal sértækrar losunar á koltvísýringi fyrir árið 2010, sem er tilgreint fyrir þennan framleiðanda í framseldri reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 114/2013 frá 6. nóvember 2012 um viðbætur við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 510/2011 að því er varðar reglur um umsókn um undanþágu frá markmiðum um sértæka losun á koltvísýringi að því er varðar ný létt atvinnuökutæki <sup>(2)</sup>, sé ekki rétt. Framleiðandinn hefur lagt fram ítarleg gögn sem sýna að meðaltal sértækrar losunar

á koltvísýringi fyrir árið 2010 var umtalsvert meiri en gildið sem tilgreint er í fyrrgreindri reglugerð.

- 2) Framkvæmdastjórnin hefur metið gögnin sem Piaggio lagði fram og telur hún rétt að leiðrétta gildið.
- 3) Því ber að breyta framseldri reglugerð (ESB) nr. 114/2013 til samræmis við það.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Í skránni í III. viðauka við framselda reglugerð (ESB) nr. 114/2013 komi „177,00“ í stað færslunnar í öðrum dálki undir fyrirsögninni „Meðaltalslosun (g/km)“ fyrir tegundina „Piaggio“.

2. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 21. ágúst 2013.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

José Manuel BARROSO

forseti.

(\*) Þessi EB-gerð birtist í Stjttíð. ESB L 285, 29.10.2013, bls. 1. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 111/2017 frá 16. júní 2017 um breytingu á XX. viðauka (Umhverfismál) við EES-samninginn, biður birtingar.

<sup>(1)</sup> Stjttíð. ESB L 145, 31.5.2011, bls. 1.

<sup>(2)</sup> Stjttíð. ESB L 38, 9.2.2013, bls. 1.